

## KYNNINGARBRÉF

Ágætu foreldrar

Fyrsta foreldraráð við Framhaldsskólann á Húsavík var stofnað á fundi með foreldrum fimmtudaginn 12. febrúar 2009. Á þeim fundi varð til stjórn sem í eru; Fanney Óskarsdóttir, Árninna Ósk Stefánsdóttir, Helga Sveinbjörnsdóttir(ritari), Elfa Signý Jónsdóttir(formaður), Elín Björk Hartmannsdóttir(fulltrúi okkar á skólanefndarfundum), Viðar Sigurðsson og Friðrika Guðjónsdóttir.

Allir foreldrar nema í FSH sem hafa ekki náð 20 ára aldri eru félagar í foreldrafélagi FSH, nema þeir óski sérstaklega eftir því að vera það ekki. Allir aðrir, foreldrar eða aðrir sem áhuga hafa á starfsemi FSH geta sótt um að vera meðlimir.

Félagið innheimtir ekki félagsgjöld og hefur ekki neina tekjuleið. Félagið mun eiga bankareikning á kennitölu félagsins og frjáls framlög þeirra sem langar að styðja starfsemina alltaf vel þegin.

Markmið félagsins er að vera vakandi fyrir því sem betur má fara í aðbúnaði innan skólans og í umhverfi hans, hvað varðar nemendur skólans.

Við erum með hlekk inná heimasíðu skólans <http://fsh.is> sem heitir „foreldrafélag fsh“, þar eru fundargerðir og lög félagsins. Ný heimasíða er í smíðum fyrir skólann og munum við eiga okkar svæði þar einnig. Netfang foreldrafélagsins er [foreldrar@fsh.is](mailto:foreldrar@fsh.is).

Við hvetjum alla foreldra og forráðamenn til að skoða heimasíðu skólans. Eins má gjarnan senda okkur póst ef það er eitthvað sem þið viljið að félagið beiti sér í, eða ef þið eruð með skemmtilega hugmynd sem nýtist nemendum og eða skólanum. Einnig viljum við fá fregnir af því sem miður er og getum við komið ábendingum áfram til skólayfirvalda ef þörf þykir á og þess er óskað.

Félagið er nýtt og enn í mótun. Aðalfundur verður í haust og hvetjum við foreldra til að koma og kynna sér námsumhverfi nemenda FSH.

Foreldrafélag FSH